

Nd.

117. Nefndarálit

um frv. til l. um bráðabirgðaafnám á valdi mjólkurverðlagsnefndar og kjötverðlagsnefndar til þess að ákveða útsöluverð á mjólk og mjólkurafurðum og kjöti og sláturafurðum

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt um frumvarp þetta og er sammála um, að meðan það samkomulag stendur um afurðaverð í hlutfalli við kaupgjald, sem gert var af landbúnaðarvísitölunefnd, verði ekki lagt á það verð, sem bændum ber að fá, annað en óhjákvæmilegur kostnaður við verkun varanna og útsölu Þetta telur nefndin einfaldast að tryggja með því, að ákvörðun útsöluverðs sé háð samþykki viðskiptaráðs. Mundu þá verðlagsnefndirnar verða að gera því grein fyrir þeim kostnaði, sem leggja þarf á vörurnar.

Landbúnaðarnefnd varð eigi sammála um að afnema verðlagsnefndirnar, enda þótt starf þeirra verði með allt öðrum hætti, meðan núverandi ástand helzt. Hún leggur því til, að frumvarpinu sé breytt í það horf, að það verði breyting á verðlagslögnum frá 13. febrúar 1943.

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Í stað 1. og 2. gr. komi ein grein, er verði 1. gr. (og breytist greinatala samkvæmt því), svo hljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða í l. nr. 3 13. febrúar 1943 orðist svo:

Meðan það verðlag á innlendum afurðum gildir, sem samkomulag varð um í landbúnaðarvísitölunefnd, skal þrátt fyrir ákvæði síðasta málsliðs 1. gr. laga þessara útsöluverð þeirra vara, sem mjólkurverðlagsnefnd og kjötverðlagsnefnd ákveða verð á, háð samþykki viðskiptaráðs.

Við ákvörðun á útsöluverði skal miðað við verð það til bændu, sem samkomulag varð um í landbúnaðarvísitölunefnd, að viðbættum óhjákvæmilegum kostnaði.

2. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo:

Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 3 13. febrúar 1943, um verðlag.

Einn nefndarmaður (SG) skrifar undir með fyrirvara og áskilur sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögu við tillögu nefndarinnar.

Alþingi, 30. sept. 1943.

Bjarni Ásgeirsson,	Jón Pálmason,	Jón Sigurðsson.
form.	fundaskr., frsm.	
Emil Jónsson.	Sigurður Guðnason,	
	með fyrirvara.	